

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2017/391****2020/EES/62/03****frá 11. nóvember 2016****um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 um tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina frekar efni tilkynninga um innra uppgjör (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 <sup>(1)</sup> og einkum annarri undirgrein 2. mgr. 9. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur farið yfir skýrsluna um niðurstöður Evrópsku bankaeftirlitsnefndarinnar af samráði við almenning um innmiðlun í uppgjörum vörslubanka og starfsemi þeirra sem miðlægri mótaðila („Report on the outcome of the Committee of European Banking Supervisors call for evidence on custodian banks' internalisation of settlement and Central Counterparties-like activities“) frá 17. apríl 2009 sem sýnir að talsverður munur er á reglum og eftirlitsaðferðum á vettvangi uppgjörsinnmiðlara milli aðildarríkja, sem og á skilningi á hugtakinu um innra uppgjör.
- 2) Í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 909/2014 skulu uppgjörsinnmiðlarar tilkynna um uppgjör sem þeir innmiðla. Til að fá gott yfirlit yfir gildissvið og umfang innri uppgjóra er nauðsynlegt að tilgreina frekar efni slíkra tilkynninga. Tilkynningar um innra uppgjör ættu að veita ítarlegar upplýsingar um samanlagt magn og virði uppgjörsfyrirmæla sem uppgjörsinnmiðlarar framkvæma utan verðbréfauppgjörskerfa og tilgreina eignaflokk, tegund verðbréfavíðskipta, tegund víðskiptavina og verðbréfamiðstöð úttefanda.  
  
Uppgjörsinnmiðlari ætti aðeins að tilkynna um innra uppgjör þegar hann hefur framkvæmt uppgjörsfyrirmæli frá víðskiptavini uppgjörsinnmiðlarans í eigin bókum. Uppgjörsinnmiðlari ætti ekki að tilkynna um síðari samræmingu á skráðum stöðum til að endurspeglar uppgjör fyrirmæla sem aðrir aðilar í vörslukeðju verðbréfanna framkvæma þar sem þau teljast ekki innra uppgjör. Að sama skapi ætti uppgjörsinnmiðlari ekki að tilkynna víðskipti sem fram fara á víðskiptavettvangi og víðskiptavettvangurinn yfirfærir til miðlægs mótaðila til stöðustofnunar eða til verðbréfamiðstöðvar til uppgjörs.
- 3) Til að auðvelda samanburð á gögnum milli uppgjörsinnmiðlara ættu útreikningar í tengslum við virði fyrirmæla um innra uppgjör samkvæmt þessari reglugerð að byggjast á hlutlægum og áreiðanlegum gögnum og aðferðafræði.
- 4) Kröfurnar sem gerðar eru til tilkynninga í þessari reglugerð geta kallað á umtalsverðar breytingar á upplýsingatæknikerfum, markaðsprófanir og aðlögun á lagalegu fyrirkomulagi hlutaðeigandi stofnana. Það er þess vegna nauðsynlegt að gefa þessum stofnunum nægan tíma til að undirbúa framkvæmd þessara krafna.
- 5) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 6) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álit hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót í samræmi við 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 <sup>(2)</sup>.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 65, 10.3.2017, bls. 44. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 48, 16.7.2020, bls. 36.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjttíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

- 7) Í samræmi við 2 mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 hefur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin starfað í náninni samvinnu við aðila Seðlabankakerfis Evrópu við að semja drögin að tæknilega eftirlitsstaðlinum sem þessi reglugerð byggist á.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „fyrirmæli um innra uppgjör“: fyrirmæli viðskiptavinar uppgjörsmiðlara um að fá viðtakanda peningafjárhæð til ráðstöfunar eða framselja eignarrétt á, eða réttindi tengd verðbréfi eða verðbréfum gegnum rafræna skráningu, eða á annan hátt, sem uppgjörsmiðlarinn gerir upp í eigin bókum en ekki gegnum verðbréfauppgjörskerfi.
- 2) „fyrirmæli um innra uppgjör sem ekki tekst að framkvæma“: uppgjör sem ekki á sér stað, eða uppgjör að hluta, á verðbréfavíðskiptum á þeim degi sem hlutaðeigandi aðilar hafa komið sér saman um, vegna skorts á verðbréfum eða peningum, óháð undirliggjandi ástæðu.

*2. gr.*

1. Tilkynningar sem um getur í 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skulu hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:
  - a) landskóða fyrir staðfestustað uppgjörsmiðlarans,
  - b) tímastimpil tilkynningar,
  - c) tímabil sem tilkynningin tekur til,
  - d) auðkenni uppgjörsmiðlarans,
  - e) samskiptaupplýsingar uppgjörsmiðlarans,
  - f) samanlagt magn og virði fyrirmæla um innra uppgjör sem uppgjörsmiðlarinn gerði upp á tímabilinu sem tilkynningin tekur til, gefið upp í evrum,
  - g) samanlagt magn og virði fyrirmæla um innra uppgjör sem uppgjörsmiðlarinn gerði upp á tímabilinu sem tilkynningin tekur til, gefið upp í evrum, fyrir hverja af eftirfarandi tegundum fjármálagerninga:
    - i. framseljanleg verðbréf sem um getur í a-lið 44. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB <sup>(1)</sup>,
    - ii. ríkisskuldabréf sem um getur í 61. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
    - iii. framseljanleg verðbréf sem um getur í b-lið 44. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, önnur en þau sem nefnd eru í ii. lið g-liðar þessarar undirgreinar,
    - iv. framseljanleg verðbréf sem um getur í c-lið 44. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
    - v. kauphallarsjóði, eins og þeir eru skilgreindir í 46. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
    - vi. hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, öðrum en kauphallarsjóðum,
    - vii. peningamarkaðsgerninga, aðra en þá sem um getur í ii. lið,

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

- viii. losunarheimildir,
- ix. aðra fjármálagerninga,
- h) samanlagt magn og virði allra fyrirmæla um innra uppgjör, gefið upp í evrum, fyrir hverja af eftirfarandi tegundum verðbréfavíðskipta sem uppgjörsinnmiðlarinn gerði upp á tímabilinu sem tilkynningin tekur til:
  - i. kaup eða sölu verðbréfa,
  - ii. umsjón veðtrygginga (e. *collateral management*),
  - iii. verðbréfalánveitingu eða verðbréfalántöku,
  - iv. endurhverf víðskipti,
  - v. önnur verðbréfavíðskipti,
- i) samanlagt magn og virði allra fyrirmæla um innra uppgjör sem uppgjörsinnmiðlarinn gerði upp á tímabilinu sem tilkynningin tekur til, gefið upp í evrum, fyrir eftirfarandi tegundir víðskiptavina:
  - i. fagfjárfesta eins og þeir eru skilgreindir í 10. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
  - ii. almenna fjárfesta eins og þeir eru skilgreindir í 11. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
- j) samanlagt magn og virði allra fyrirmæla um innra uppgjör er varða millifærslu peninga sem uppgjörsinnmiðlarinn gerði upp á tímabilinu sem tilkynningin tekur til, gefið upp í evrum,
- k) samanlagt magn og virði allra fyrirmæla um innra uppgjör sem uppgjörsinnmiðlarinn gerði upp á tímabilinu sem tilkynningin tekur til, gefið upp í evrum, fyrir hverja verðbréfamiðstöð sem veitir þá kjarnaþjónustu sem um getur í 1. eða 2. lið A-þáttar viðauka við reglugerð (ESB) nr. 909/2014, í tengslum við undirliggjandi verðbréf,
- l) samanlagt magn og virði allra fyrirmæla um innra uppgjör sem um getur í g- til j-lið, gefið upp í evrum, fyrir hverja verðbréfamiðstöð sem veitir þá kjarnaþjónustu sem um getur í 1. eða 2. lið A-þáttar viðauka við reglugerð (ESB) nr. 909/2014, í tengslum við undirliggjandi verðbréf,
- m) samanlagt magn og virði fyrirmæla um innra uppgjör sem ekki tekst að framkvæma og um getur í f- til l-lið, sem ekki tekst að gera upp á tímabilinu sem tilkynningin tekur til, gefið upp í evrum,
- n) hlutfall fyrirmæla um innra uppgjör sem um getur í f- til l-lið sem ekki tekst að gera upp í samanburði við eftirfarandi:
  - i. samanlagt virði fyrirmæla um innra uppgjör sem uppgjörsinnmiðlarinn framkvæmdi og fyrirmæla um innra uppgjör sem ekki tókst að framkvæma, gefið upp í evrum,
  - ii. samanlagt magn fyrirmæla um innra uppgjör sem uppgjörsinnmiðlarinn framkvæmdi og fyrirmæla um innra uppgjör sem ekki tókst að framkvæma, gefið upp í evrum.

Fyrir k- og l-lið fyrstu undirgreinar, skal nota alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa (ISIN) í staðinn ef upplýsingarnar um verðbréfamiðstöðina sem veitir kjarnaþjónustuna, sem um getur í 1. eða 2. lið A-þáttar viðauka við reglugerð (ESB) nr. 909/2014 í tengslum við útgáfu undirliggjandi verðbréfa, liggja ekki fyrir, með því að skipta gögnunum upp eftir fyrstu tveimur stöfunum í ISIN-númerunum

2. Við umreikning annarra gjaldmiðla í evrum skal nota gengi Seðlabanka Evrópu, liggi það fyrir, sem gildir á síðasta degi tímabilsins sem tilkynningin tekur til.
3. Samanlagt virði fyrirmæla um innra uppgjör sem um getur í 1. mgr. skal reikna út sem hér segir:
  - a) sé um að ræða fyrirmæli um innra uppgjör gegn greiðslu, uppgjörsfjárhæð peningahlutans,
  - b) sé um er að ræða fyrirmæli um innra uppgjör án greiðslu, markaðsvirði verðbréfa eða, liggi það ekki fyrir, nafnvirði verðbréfa.

Markaðsvirðið sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar skal reiknað út eins og hér segir:

- a) sé um að ræða fjármálagerninga sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 <sup>(1)</sup> sem teknir eru til viðskipta á viðskiptavettvangi innan Sambandsins, virðið sem er ákvarðað á grundvelli lokaverðs á þeim markaði sem best á við með tilliti til seljanleika eins og um getur í b-lið 6. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar,
- b) sé um að ræða fjármálagerninga sem eru teknir til viðskipta á viðskiptavettvangi innan Sambandsins, öðrum en sem um getur í a-lið, virðið sem ákvarðað er á grundvelli lokaverðs á þeim viðskiptavettvangi innan Sambandsins sem er með mestu veltuna,
- c) sé um að ræða fjármálagerninga aðra en þá sem um getur í a- og b-lið, virðið sem er ákvarðað á grundvelli verðs sem er reiknað út með fyrirfram ákveðinni aðferð sem lögbæra yfirvaldið samþykkir og byggist á viðmiðum tengdum markaðsgögnum, s.s. markaðsverði sem er aðgengilegt á viðskiptavettvöngum eða hjá verðbréfafyrirtækjum.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 10. mars 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. nóvember 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).